

# Kennarasamband Íslands

## Hvernig eflum við lýðræðislega menntun – menntun í lýðræði?

RITARI ÁGRIPS: Arndís Þorgeirsdóttir

ÞÁTTTAKENDUR Í PALLBORÐI: Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri Garðaskóla, **Fjóla Þorvaldsdóttir**, leikskólasérkennari í leikskólanum Álfaheiði, **Jenný Ingudóttir**, varaformaður Heimilis og skóla, **Jóna Guðbjörg Torfadóttir**, framhaldsskólakennari í MS, **Margrét María Sigurðardóttir**, umboðsmaður barna, **Ólafur Páll Jónsson**, prófessor í heimspeki við Menntavísindasvið HÍ, **Vilhjálmur Árnason**, prófessor í heimspeki við Hugvísindadeild HÍ. **Fundarstjóri** var **Aðalheiður Steingrimsdóttir**, varaformaður KÍ.

**Upplagg fundarins:** Í lögum og námskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er áhersla lögð á að börn og ungmenni menntist í lýðræði og að menntun og skólastarf einkennist af lýðræðislegum starfsháttum og virðingu fyrir manngildi hvers og eins. Litið er svo á að skólinn hafi mikilvægu hlutverki að gegna að búa börn og ungmenni undir virka þátttöku í lýðræðislegu samfélagi.

En hvað er lýðræðisleg menntun – menntun í lýðræði? Hvaða skilning á lýðræði eigum við að leggja til grundvallar við útfærslu á þessu hlutverki skólans?

Hvað þarf skólinn að gera og hvernig – til að móta lýðræðislega vitund og efla færni nemenda í að takast á við ágreining og margbreytileika tilverunnar? Hvað getur skólinn gert og hvernig – til að vinna gegn fordómum og hatursumræðu í samfélaginu?

**Helstu punktar úr umræðu fundarins:** Mikilvægt er að kenna gagnrýna hugsun og þjálf frá unga aldri og á öllum skólastigum, leikskóla til framhaldsskóla. Þegar að er gætt er skólinn ekki mjög lýðræðisleg stofnun og ekki hægt að segja að hann sé samfélag jafningja þegar hugsað er um ólíka stöðu kennara og nemenda. Námskrá og námsmat eru leiðandi þættir í skólastarfi og margt ýtir undir að börn og ungmenni séu metin út frá því sem þau geta ekki, fremur en því sem þau geta. Engu að síður er það hlutverk skólans að veita börnum og ungmönnum lýðræðislega menntun og mennta þau til lýðræðis.

Það er stór áskorun fyrir skólana að vinna að lýðræðislegum starfsháttum og undirbúa börn og ungmenni til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi sem er í stöðugri þróun. Þetta er lífsverkefni skólans og finna þarf leiðir að því að gera þetta sem best. Skoða þarf hvaða aðferðir og verkfæri henta og hvernig hlúð verði sem best að þessum mikilvæga þætti í menntun og þroska barna og ungmenna.

Afar mikilvægt er að menntun í lýðræði sé hluti af kennaranámi og þörf er fyrir umræðu um lýðræði meðal kennara og að þeim bjóðist fræðsla um að vinna með lýðræði í kennslu. Kennarar þurfa að efna til markvissrar umræðu um hvernig efla megi lýðræðislega menntun og menntun til lýðræðis, að rödd barna og ungmenna heyrist í skólastarfinu og skoðanir þeirra, þau fái menntun og þjálfun til að rökræða og efla gagnrýna hugsun. Fagmennska kennara á þessu sviði sem öðrum er lykilatriði.